

Alþjóðlegar reglur um keppni í götuhlaupum – úrdráttur

1. Undirlag skal vera malbikað eða steipt. Upphaf og endir hlaups má vera á íþróttaleikvangi.
2. Rásmark og endamark skal merkt með hvítri línu, a.m.k. 5 cm breiðri. Vegalengd hlaupsins skal mæld af einstaklingi sem hefur tilskilin réttindi (IAAF approved course measurer) til mælinga. Vegalengd hlaupsins skal mæld þar sem hún getur styst orðið. Til mælinga skal nota reiðhjól með sérstökum mæliútbúnaði (calibrated bicycle method) skv. nánari reglum sem gilda þar um. Til að koma í veg fyrir að hlaupaleiðin reynist of stutt skal bæta við leiðina 0,1% þ.e. 1 m á hverja 1.000 m.
3. Lækkun á hæð frá rásmarki til endamarks má mest vera 1 m á hverja 1.000 m eða 42 m í maraþonhlaupi.
4. Merkingar á hvern km skulu vera þátttakendum vel sýnilegar.
5. Hlauphaldara ber að tryggja öryggi þátttakenda og starfsmanna gagnvart umferð ökutækja.
6. Aðstoð og aðhlyning starfsmanna hlaupsins (officials) við þátttakendur á meðan hlaupi stendur telst lögmæt. Aðstoð utanaðkomandi er ólögleg og getur haft í för með sér að árangur verði ógiltur.
7. Þátttakanda ber að hætta hlaupi strax ef starfsmaður hlaupsins skipar honum að gera svo.
8. Hlauphaldari skal bjóða upp á drykki og aðra hressingu með jöfnu millibili á hlaupaleiðinni og í endamarki. Þátttakendum í meistaramóti skal standa til boða að hafa eigin drykki á drykkjarstöðvum. Skulu þeir þá skila drykkjum inn til hlauphaldara vel merktum, sem skal koma þeim á rétta staði.
9. Þátttakanda er óheimilt að taka við drykkjum á öðrum stað en merktum drykkjarstöðvum. Að öðrum kosti á hann á hættu að vera dæmdur úr keppni.
10. Lokatími (the official time) hvers þátttakanda í götuhlaupi skal vera tíminn frá því hlaupið var ræst og þar til viðkomandi kom í mark. Hins vegar má hlauphaldari gefa þátttakanda upplýsingar um tíma hans frá því hann fór yfir ráslínuna og þar til hann kom í mark. Röð þátttakenda í mark skal ráða um stöðu hvers og eins í hlaupinu s.s. í einstökum aldursflokkum (official finish position).

Tekið saman og þýtt af Sigurði P. Sigmundssyni